



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

LAUNAKJÖR VÉLSTJÓRA OG
MÁLMTÆKNIMANNA
SEPTEMBERLAUN 2008

Unnið fyrir VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Friðrik H. Jónsson

Mars 2009

Efnisyfirlit

Töfluskra	3
Myndaskra	5
1. Framkvæmd og heimtur	7
2. Almennt yfirlit	8
<i>Aldur og búseta</i>	8
<i>Menntun</i>	9
<i>Starfsemi fyrirtækis</i>	11
<i>Starfssvið</i>	12
<i>Vinnutími</i>	13
<i>Kjaramál</i>	14
3. Launagreining	16
<i>Greining á launum þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu</i>	17
<i>Greining á launum þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun (pakkalaun)</i>	28
4. Launatöflur	33
<i>Töflur yfir meðallaun allra þátttakenda</i>	34
<i>Töflur yfir tímalaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu</i>	39
5. Bakgrunnsgreining	41

Töfluskra

Tafla 2.1 Aldur svarenda.....	8
Tafla 2.2 Skörun vélstjórnar- og málmæknináms	9
Tafla 2.3 Hvaða vélstjórnar- eða málmækninámi hefur þú lokið?.....	10
Tafla 2.4 Hvaða öðru námi hefur þú lokið?	10
Tafla 2.5 Hver er starfsemi fyrirtækisins sem þú vinnur hjá?	12
Tafla 2.6 Hvert er aðalstarfssvið þitt?	12
Tafla 2.7 Hversu margir starfsmenn vinna undir þinni stjórn?	13
Tafla 2.8 Meðalvinnutími á viku í september 2008	13
Tafla 2.9 Meðalfjöldi klukkustunda á bakvakt á viku í september 2008	14
Tafla 2.10 Starfshlutfall í september 2008	14
Tafla 2.11 Við hvaða kjarasamning miðast grunnréttindi þín?	15
Tafla 4.1. Meðaltal greiðslna eftir aldri (í þúsundum króna)	34
Tafla 4.2. Meðaltal greiðslna eftir búsetu (í þúsundum króna)	34
Tafla 4.3. Meðaltal greiðslna eftir því hvaða vélstjórnar eða málmækninámi er lokið (í þúsundum króna).....	35
Tafla 4.4. Meðaltal greiðslna eftir því hvort öðru námi en í vélstjórn eða málmækní er lokið (í þúsundum króna).....	35
Tafla 4.5. Meðaltal greiðslna eftir því hvaða námi öðru en í vélstjórn eða málmækní er lokið (í þúsundum króna)	36
Tafla 4.6. Meðaltal greiðslna eftir samsetningu iðnnáms (í þúsundum króna).....	36
Tafla 4.7. Meðaltal greiðslna eftir starfsgeira (í þúsundum króna).....	37
Tafla 4.8. Meðaltal greiðslna eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins (í þúsundum króna).....	37
Tafla 4.9. Meðaltal greiðslna eftir starfssviði (í þúsundum króna)	37
Tafla 4.10. Meðaltal greiðslna eftir mannaforráðum (í þúsundum króna).....	38
Tafla 4.11. Meðaltal greiðslna eftir fjölda undirmanna (í þúsundum króna).....	38
Tafla 4.12. Meðaltal greiðslna eftir kjarasamningi (í þúsundum króna).....	38
Tafla 4.13. Meðaltal greiðslna eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna (í þúsundum króna)	39

Tafla 4.14. Meðaltal greiðslna og meðalfjöldi vinnustunda eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna.....	39
Tafla 4.15. Meðaltímalalaun eftir því hvaða vélstjórnar eða málmtækninámi er lokið (í krónum)	39
Tafla 4.16. Meðaltímalalaun eftir starfssviði (í krónum).....	40
Tafla 4.17. Meðaltímalalaun eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins (í krónum).....	40
Tafla 4.18. Meðaltímalalaun eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna (í krónum).....	40
Tafla 5.1 Hvaða vélstjórnar- eða málmiðnaðarnámi hefur þú lokið?	42
Tafla 5.2 Hvaða öðru námi öðru en í vélstjórn- eða málmtækni hefur þú lokið?	43
Tafla 5.3 Hver er aðalstarfssemi fyrirtækisins?.....	44
Tafla 5.4 Hvert er aðalstarfssvið þitt?	45
Tafla 5.5 Starfar fyrirtækið á almennum markaði eða í opinbera geiranum?	46
Tafla 5.6 Hvort færð þú greidd föst mánaðarleg heildarlaun eða grunnlaun auk yfirvinnu?...	47
Tafla 5.8 Vinnur þú vaktavinnu eða dagvinnu?	48
Tafla 5.9 Við hvaða kjarasamning miðast þín grunnréttindi?	49

Myndaskrá

Mynd 2.1	Búseta	8
Mynd 2.2	Starfar fyrirtæki þitt á almennum markaði eða í opinbera geiranum?.....	11
Mynd 2.3	Ert þú launþegi eða atvinnurekandi/sjálfstætt starfandi?.....	11
Mynd 2.4	Hefur þú mannaforráð?.....	13
Mynd 2.5	Færð þú greidd föst mánaðarleg heildarlaun eða grunnlaun auk yfirvinnu?.....	14
Mynd 3.1	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir aldri.....	17
Mynd 3.2	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir búsetu....	18
Mynd 3.3	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvaða vélstjórnar- eða málmtekninámi er lokið.....	19
Mynd 3.4	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvort öðru námi sé lokið	20
Mynd 3.5	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvaða öðru námi er lokið	20
Mynd 3.6	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir samsetningu iðnnáms	21
Mynd 3.7	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir starfsgeira	22
Mynd 3.8	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins	23
Mynd 3.9	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir starfssviði	24
Mynd 3.10	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir mannaforráðum	25
Mynd 3.11	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir fjölda undirmanna.....	25
Mynd 3.12	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir kjarasamningi	26
Mynd 3.13	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna.....	27
Mynd 3.14	Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir aldri	28

Mynd 3.15 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir búsetu	28
Mynd 3.16 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir því hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi er lokið	29
Mynd 3.17 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir því hvort öðru námi sé lokið.....	29
Mynd 3.18 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir starfsgeira	30
Mynd 3.19 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins	30
Mynd 3.20 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir starfssviði	31
Mynd 3.21 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir mannaforráðum	31
Mynd 3.22 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir kjarasamningi	32
Mynd 3.23 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna	32

1. Framkvæmd og heimtur

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði launakjör vélstjóra og málmtæknimanna dagana 7. október til 24. nóvember árið 2008. Könnunin náði til félagsmanna VM (Félags vélstjóra og málmtæknimanna) sem starfa í landi en þeir voru 1.876 talsins. Félagsmenn fengu sent bréf í pósti þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni með því að fara inn á vefslóð sem tilgreind var í bréfinu. Alls voru 66 bréf endursend. Að auki höfðu þrír félagsmenn samband við starfsmann Félagsvísindastofnunar og létu vita af því að þeir væru í orlofi eða hættir störfum og gætu því ekki svarað launaspurningum könnunarinnar. Vera má að þetta hafi átt við um fleiri félagsmenn þó ekki hafi borist tilkynningar um slíkt. Nettóþýðið samanstendur því af 1.807 einstaklingum. Af þeim svöruðu 252 könnuninni, eða 14%.

Tafla 1.1 Framkvæmd könnunar

Upplýsingasöfnun	7. okt. - 24. nóv. 2008
Búseta	Allt landið
Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Nettósvörun	14%

2. Almennt yfirlit

Í þessum kafla er greint frá svörum við almennum spurningum um menntun vélstjóra og málmtæknimanna, starf þeirra, starfssvið, kjaramál og starfsemi þess fyrirtækis sem þeir vinna hjá. Svör við einstökum spurningum eru gefin í töflum eða myndum.


Aldur og búseta

Eins og áður sagði svöruðu 252 könnuninni og voru svarendur á aldrinum 22 til 75 ára. Meðalaldur var tæplega 46 ár. Tafla 2.1 sýnir aldursdreifingu þátttakenda eftir að þeir voru flokkaðir í átta aldurshópa. Hlutfallslega flestir svarenda voru á aldrinum 46 til 50 ára, eða tæp 17%.

Tafla 2.1 Aldur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
30 ára og yngri	23	9,9%
31-35 ára	32	13,7%
36-40 ára	25	10,7%
41-45 ára	31	13,3%
46-50 ára	39	16,7%
51-55 ára	30	12,9%
56-60 ára	31	13,3%
61 árs og eldri	22	9,4%
Samtals	233	100%

Meirihluti svarenda var búsettur á höfuðborgarsvæðinu, eða 70% (sjá mynd 2.1).



Mynd 2.1 Búseta

Menntun

Alls höfðu 85% svarenda lokið námi í vélstjórn eða málmtækni. Þegar spurt var hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi þátttakendur hefðu lokið var þeim gefinn kostur á að nefna fleiri en eitt atriði. Eins og sjá má í töflu 2.2 hafði einhver hluti svarenda bæði lokið stigi í vélstjórn og málmtækninámi. Að auki höfðu átta einstaklingar lokið fleiri en einni tegund málmtæknináms. Sjö þeirra höfðu lokið námi í vélvirkjun auk annars málmtæknináms og eru þeir hér flokkaðir sem vélvirkjar. Einn þátttakandi hafði lokið námi í blikksmíði, málmsuða og ketil- og plötusmíði og er hann hér flokkaður sem ketil- og plötusmiður.

Tafla 2.2 Skörun vélstjórnar- og málmtæknináms

Málmtækninám	Vélstjórnaréttindi					Vél- fræðings- nám	Samtals
	Ekkert stig	1. stig	2. stig	3. stig	4. stig		
Engin réttindi		6	3	4	2		15
Vélfræðingsnám (4. stig vélstjórnar + sveinspróf í málmiðn)						107	107
Vélvirkjun	56	5	6	3			70
Rennismíði	9		1				10
Stálskipasmíði	2		1				3
Stálmannvirkjagerð	2						2
Málmsuða	2		1				3
Ketil- og plötusmíði	2			1			3
Samtals	73	11	12	8	2	107	213

Svör þátttakenda við því hvaða námi þeir höfðu lokið voru endurflokkuð til að nota við úrvinnslu könnunarinnar. Einstaklingar sem höfðu lokið fyrsta til þriðja stigi vélstjórnar og málmtækninámi þar að auki voru flokkaðir með því málmtækninámi sem þeir höfðu lokið. Tafla 2.3 sýnir dreifingu svara eftir að námsbreytan var endurflokkuð með ofangreindum hætti. Helmingur svarenda hafði lokið vélfræðingsnámi og þriðjungur hafði lokið námi í vélvirkjun.

Tafla 2.3 Hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall
Vélstjórn, 1. stigi	6	2,8%
Vélstjórn, 2. stigi	3	1,4%
Vélstjórn, 3. stigi	4	1,9%
Vélstjórn, 4. stigi	2	0,9%
Vélfræðingsnámi	107	50,2%
Vélvirkjun	70	32,9%
Rennismíði	10	4,7%
Stálskipasmíði	3	1,4%
Stálmannvirkjagerð	2	0,9%
Málmsuðu	3	1,4%
Ketil- og plötusmíði	3	1,4%
Samtals	213	100%

Fimm einstaklingar voru í námi þegar könnunin fór fram. Fjórir lögðu stund á vélvirkjun og einn var í vélfræðingsnámi. Þá sögðust 15 svarendur vera aðstoðarmenn.


Alls höfðu 37% svarenda lokið öðru námi en í vélstjórn eða málmtækni. Öllum þátttakendum gafst kostur á að svara þessari spurningu, einnig þeim sem ekki höfðu lokið námi í vélstjórn eða málmtækni. Alls höfðu tíu einstaklingar sem ekki höfðu lokið námi í vélstjórn eða málmtækni lokið annarskonar námi. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvaða annarskonar námi þeir hefðu lokið var þeim gefinn kostur á að nefna fleiri en eitt atriði. Í töflu 2.4 er búið að skipta þátttakendum þannig upp að hver þeirra tilheyri einungis einum hópi. Þannig táknar efsti hópurinn þá sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og prófi í vélstjórn, málmtækni, rafiðn eða öðru iðnnámi. Taflan sýnir að tæp 30% svarenda höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og tæp 20% hafði lokið rafiðnaðarnámi án þess að ljúka bóklegu námi því samhliða.

Tafla 2.4 Hvaða öðru námi hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi (auk vélstjórnar- eða málmtæknináms eða annars iðnnáms)	23	29,9%
Rafiðnaðarnámi	15	19,5%
Iðn- eða starfsmáni öðru en rafiðn	13	16,9%
Stýrimannanámi	10	13,0%
Iðnfræði	7	9,1%
Námi á háskólastigi	9	11,7%
Samtals	77	100%


Starfsemi fyrirtækis

Mikill meirihluti (83%) svarenda starfaði á almennum markaði (sjá mynd 2.2).



Mynd 2.2 Starfar fyrirtæki þitt á almennum markaði eða í opinbera geiranum?

Sömuleiðis gegndi yfirgnæfandi meirihluti svarenda hlutverki launþega (sjá mynd 2.3).



Mynd 2.3 Ert þú launþegi eða atvinnurekandi/sjálfstætt starfandi?

Svarendur voru spurðir hver væri aðalstarfsemi fyrirtækisins sem þeir unnu hjá. Svörin voru síðan flokkuð í fimm yfirflokka, þ.e. fiskiðnað í landi, framleiðsluðnað, þjónustuiðnað, orkuver/stóriðju og annað. Í töflu 2.5 má sjá að hlutfallslega flestir (28%) unnu við framleiðsluðnað og tölurverður fjöldi starfaði við orkuver eða stóriðju (23%), við þjónustu-

iðnað (22%) og annað (22%). Einungis 6% svarenda unnu hjá fyrirtæki sem stunda fiskiðnað í landi.

Tafla 2.5 Hver er starfsemi fyrirtækisins sem þú vinnur hjá?

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Fiskiðnaður í landi	14	5,7%
Frystihús/fiskvinnsla	6	2,5%
Útgerð	4	1,6%
Netagerð	4	1,6%
Framleiðsluiðnaður	68	27,8%
Kjöt- og matvælaiðnaður	4	1,6%
Mjólkur- og drykkjarvöruíðnaður	5	2,0%
Framleiðsla iðnaðarvara	17	6,9%
Annarskonar framleiðsluiðnaður	9	3,7%
Stálverkja- og skipasmíði	31	12,6%
Efna- og lyfjaiðnaður	2	0,8%
Þjónustuiðnaður	54	22,0%
Véla- og bifvélaútgærdir	42	17,1%
Kælikerfi	12	4,9%
Orkuver / stóriðja	56	22,9%
Álver/málmblandifyrirtæki	7	2,9%
Orkuveita	49	20,0%
Aannað	53	21,6%
Verktakastarfsemi	15	6,1%
Verslun og þjónusta	21	8,6%
Sorpbrennsla	3	1,2%
Aannað - ótilgreint	14	5,7%
Samtals	245	100%


Starfssvið

Í töflu 2.6 má sjá að hlutfallslega flestir svarenda störfuðu við viðhald, þjónustu og eftirlit, eða 43%. Fjórðungur starfaði við smíðar og framleiðslu en önnur starfssvið voru fámennari.

Tafla 2.6 Hvert er aðalstarfssvið þitt?

	Fjöldi	Hlutfall
Viðhald, þjónusta og/eða eftirlit	103	42,6%
Smíðar og framleiðsla	60	24,8%
Stjórnun (verkstjórn)	34	14,0%
Vélgæsla	26	10,7%
Aannað starfssvið	10	4,1%
Sölumennska/ráðgjöf	9	3,7%
Samtals	242	100%

Mynd 2.4 sýnir að fjórðungur svarenda hafði mannaforráð og langalgengast var að þeir hefðu einn til fimm starfsmenn undir sinni stjórn (sjá nánar í töflu 2.7).



Mynd 2.4 Hefur þú mannaforráð?

Tafla 2.7 Hversu margir starfsmenn vinna undir þinni stjórn?

	Fjöldi	Hlutfall
1-5 starfsmenn	37	61,7%
6-15 starfsmenn	12	20,0%
Fleiri en 15 starfsmenn	11	18,3%
Samtals	60	100%

Vinnutími

Þátttakendur voru spurðir hve margar klukkustundir þeir unnu samanlagt í septembermánuði. Að meðaltali unnu svarendur 209,4 stundir í mánuðinum sem táknar að þeir hafi að meðaltali unnið 48,7 stundir á viku. Tafla 2.8 sýnir að hlutfallslega flestir unnu á bilinu 45 til 49 tíma á viku að meðaltali í septembermánuði. Fjórðungur svarenda vann að meðaltali 40 til 44 stundir á viku og vinnuvikan var að meðaltali 50 til 54 klukkustundir hjá 24% svarenda.

Tafla 2.8 Meðalvinnutími á viku í september 2008

	Fjöldi	Hlutfall
Færri en 40 tímar á viku	11	6,0%
40-44 tímar á viku	46	25,0%
45-49 tímar á viku	54	29,3%
50-54 tímar á viku	44	23,9%
55-59 tímar á viku	14	7,6%
60-64 tímar á viku	3	1,6%
65-69 tímar á viku	7	3,8%
70 tímar á viku eða fleiri	5	2,7%
Samtals	184	100%

Alls stunduðu 17% þátttakenda í könnuninni vaktavinnu. Þessir þátttakendur voru spurðir hve margar klukkustundir þeir hefðu verið á bakvakt í septembermánuði. Meðalfjöldi klukku-

stunda á bakvakt í septembermánuði var 78,9 klukkustundir sem tákna að þátttakendur sem stunduðu vaktavinnu hafi að meðaltali verið 18,3 stundir á viku á bakvakt. Tafla 2.9 sýnir að hlutfallslega flestir þeirra sem svöruðu voru að meðaltali 20 til 29 tíma á bakvakt í viku hverri.

Tafla 2.9 Meðalfjöldi klukkustunda á bakvakt á viku í september 2008

	Fjöldi	Hlutfall
Var ekkert á bakvakt í septembermánuði	11	31,4%
1-9 tímar á viku	1	2,9%
10-19 tímar á viku	3	8,6%
20-29 tímar á viku	14	40,0%
30-39 tímar á viku	2	5,7%
40 tímar á viku eða meira	4	11,4%
Samtals	35	100%


Mikill meirihluti þátttakenda var í fullu starfi, eða 97 % (sjá töflu 2.10).

Tafla 2.10 Starfshlutfall í september 2008

	Fjöldi	Hlutfall
75%-99%	6	2,6%
100%	223	97,4%
Samtals	229	100%

Kjaramál

Mynd 2.5 sýnir að 79% svarenda fékk greidd grunnlaun auk yfirvinnu en 21% var á svokölluðum pakkalaunum sem eru föst mánaðarleg heildarlaun.



Mynd 2.5 Færð þú greidd föst mánaðarleg heildarlaun eða grunnlaun auk yfirvinnu?

Í töflu 2.11 sést að hjá 41% svarenda miðuðust grunnréttindi við almennan kjarasamning VM við SA og 20% höfðu gert sérkjara- eða vinnustaðasamning.

Tafla 2.11 Við hvaða kjarasamning miðast grunnréttindi þín?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem tekur afstöðu
Samning VM við SA (almennur samningur)	82	34,5%	41,2%
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	40	16,8%	20,1%
Samning við orku- eða stórfyrirtæki	32	13,4%	16,1%
Rammasamning VM	25	10,5%	12,6%
Samninga við sveitarfélög	5	2,1%	2,5%
Annað nefnt	15	6,3%	7,5%
Veit ekki	39	16,4%	
Samtals	238	100%	100%

3. Launagreining

Í þessum kafla eru kynntar niðurstöður greiningar á launum VM félaga sem starfa í landi. Svarendur voru beðnir að gefa upplýsingar um launagreiðslur fyrir septembermánuð árið 2008. Myndirnar í fyrri hluta kaflans gefa upplýsingar um laun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu. Um þrenns konar launaviðmið er að ræða hjá þessum hópi. Í fyrsta lagi er um *föst laun* að ræða, en í þeim felast grunnlaun, greiðslur fyrir fasta og óunna yfirvinnutíma og vaktaálag. Í öðru lagi *föst laun auk yfirvinnu*, en í þeim felast *föst laun* (samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu) og greiðslur fyrir unna yfirvinnu sem er umfram fasta yfirvinnu. Í þriðja lagi er um *heildargreiðslur* að ræða, en auk fastra launa og yfirvinnu felast í þeim allar aðrar launagreiðslur eins og bílagreiðsla, ýmis konar hlunnindi og fleira. Laun þeirra sem voru í 50 - 99% starfshlutfalli voru reiknuð upp í 100% starfshlutfall. Allir launaliðir voru uppreiknaðir á þennan hátt, fyrir utan dagpeninga.

Í síðari hluta kaflans eru birtar upplýsingar um laun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun (pakkalaun). Um tvenns konar launaviðmið er að ræða hjá þessum hópi. Annars vegar er um að ræða *föst mánaðarleg heildarlaun* og hins vegar *heildargreiðslur*, en í þeim felast auk fastra mánaðarlegra heildarlauna allar aðrar launagreiðslur eins og bílagreiðsla og ýmis konar hlunnindi.


Birtar eru myndir úr launagreiningu og tekið fram hvort tölfræðilega marktækur munur greinist á meðallaunum mismunandi hópa. Munur á hópum var metinn með viðeigandi marktæktarprófum, það er dreifigreiningu (*ANOVA*) og *t*-prófum. Tölfræðiprófin Scheffé og Tukey voru notuð til að meta hvar marktækur munur á milli hópa lægi.

Miðað var við 95% öryggismörk þegar fjallað er um að tölfræðilega marktækur munur sé á meðallaunum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram eru innan við 5% líkur á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra þeirra félaga VM sem starfa í landi. Þegar $p < 0,01$ er munurinn marktækur miðað við 99% öryggi og $p < 0,001$ tákna að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar meðal allra VM félaga sem starfa í landi. Hafa ber í huga að fjöldi svara hefur áhrif á marktækt. Séu tilteknir hópar mjög fámennir getur það orsakað það að munur á hópum verði ekki tölfræðilega marktækur þó mikill munur sé á launum þeirra.

Í kafla fjögur, *Launatöflur*, má finna ítarlegt yfirlit yfir þær tölur sem standa að baki myndum í þessum kafla.

Greining á launum þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu


Mynd 3.1 sýnir mánaðarlegar greiðslur til þeirra sem ekki voru á fastlaunasamningi greindar eftir aldri. *Heildargreiðslur* og *föst laun auk yfirvinnu* hækka með auknum aldri og eru hæst meðal svarenda í aldurshópunum 36 til 40 ára og 41 til 45 ára en taka svo að lækka á nýjan leik ($p < 0,05$ fyrir *föst laun auk yfirvinnu*; $p < 0,01$ fyrir *heildargreiðslur*). Þó heildarhrif aldurs á *föst laun auk yfirvinnu* væru tölfræðilega marktæk, náði tölfræðiprófið Tukey ekki að greina nákvæmlega hvar munurinn lá, líklega vegna fámennis ákveðinna hópa. Mun á *heildargreiðslum* aldurshópanna var hins vegar að finna milli félagsmanna í aldurshópunum 36-40 ára og 61 árs og eldri. Elsti aldurshópurinn var með lægri *heildargreiðslur* að meðaltali en félagsmenn á aldrinum 36 til 40 ára. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á *föstum launum* eftir aldri.



Mynd 3.1 *Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir aldri**


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum auk yfirvinnu* og 2) *heildargreiðslum*.

Mynd 3.2 sýnir meðallaun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á launum eftir búsetu.



Mynd 3.2 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir búsetu


Mynd 3.3 sýnir mánaðarlaun greind eftir því hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi svarendur höfðu lokið. Í myndinni er búið að fækka hópunum nokkuð frá því sem var í töflu 2.3 vegna þess hve fámennir sumir þeirra voru. Búið er að sameina þá sem lokið hafa 1. og 2. stigi vélstjórnar, þá sem hafa lokið 3. og 4. stigi vélstjórnar og loks er búið að sameina í einn hóp þá sem lokið hafa námi í stálskipasmíði, stálmannvirkjagerð og ketil- og plötusmíði. Munur var á föstum launum og heildargreiðslum eftir því hvers konar vélstjórnar- eða málmtækninámi svarendur höfðu lokið ($p < 0,01$ fyrir föst laun; $p < 0,05$ fyrir heildargreiðslur). Föst laun til félagsmanna sem lokið höfðu vélfræðingsnámi voru að meðaltali hærri en til þeirra sem lokið höfðu námi í vélvirkjun. Þó myndin sýni að þátttakendur sem lokið höfðu námi í málmsuðu hafi verið með hæstu föstu launin að meðaltali, standa einungis þrír einstaklingar að baki þeim hópi. Laun þeirra gefa því e.t.v. ekki rétta mynd af málmsuðumönnum almennt. Þó heildaráhrif menntunar á heildargreiðslur væru tölfræðilega marktæk, náðist ekki að greina nákvæmlega hvar munurinn lá.



Mynd 3.3 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi er lokið*


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) föstum launum 2) heildargreiðslum.

Mynd 3.4 sýnir að ekki var munur á launum þeirra VM félaga sem fengu greidd grunnlaun auk yfirvinnu eftir því hvort þeir höfðu lokið öðru námi en í vélstjórn eða málmtækni.




Mynd 3.4 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvort öðru námi sé lokið

Þátttakendur sem höfðu lokið öðru námi en í vélstjórn eða málmtækni voru spurðir að því hvaða námi þeir hefðu lokið. Ekki reyndist munur á launum svarenda eftir því hvaða námi þeir höfðu lokið að vélstjórn eða málmtækni undanskilinni (sjá mynd 3.5).



Mynd 3.5 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvaða öðru námi er lokið


Sem fyrr segir gafst þátttakendum kostur á að nefna fleiri en eitt nám sem þeir höfðu lokið. Mynd 3.6 sýnir laun í septembermánuði eftir samsetningu iðnnáms. Hér ber að hafa í huga að nokkrir hópanna eru mjög fámennir og gefa því e.t.v. ekki rétta mynd af launum einstakra hópa. Til dæmis höfðu einungis átta þátttakendur lokið fleiri en einni tegund málmæknináms. Nákvæmar upplýsingar um fjöldann sem stendur á bak við hvern hóp má finna í kaflanum *Launatöflur*, aftar í þessari skýrslu. Þrátt fyrir fámenni í hópum kom fram munur á *föstum launum* og *heildargreiðslum* svarenda eftir samsetningu náms þeirra ($p < 0,01$ fyrir *föst laun*; $p < 0,05$ fyrir *heildargreiðslur*). Ekki reyndist hins vegar unnt að greina nákvæmlega hvar munurinn lá .



Mynd 3.6 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir samsetningu iðnnáms*

*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum* 2) *heildargreiðslum*.


Mynd 3.7 sýnir að svarendur sem störfuðu á almennum markaði voru að meðaltali með lægri föst laun og heildargreiðslur en þeir sem störfuðu innan opinbera geirans ($p < 0,01$ fyrir föst laun; $p < 0,01$ fyrir heildargreiðslur). Hér er vert að benda á að 78% þeirra sem störfuðu í opinbera geiranum unnu hjá orkuveitu eða stóriðju, sem er einmitt sá hópur sem var með hæstu launin að meðaltali (sjá mynd 3.8). Þá má einnig geta þess að enginn svarenda í opinbera geiranum starfaði við smíðar og framleiðslu en það gerði þriðjungur þeirra sem starfaði á almennum markaði. Mynd 3.9. sýnir að starfsmenn í smíðum og framleiðslu voru með lægstu launin að meðaltali. Þetta skýrir að einhverju leyti hvers vegna meðallaun í opinbera geiranum voru hærri en laun þeirra sem störfuðu á almennum markaði.



Mynd 3.7 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir starfsgeira*

*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) föstum launum og 2) heildargreiðslum.


Tölfræðilega marktækur munur var á meðallaunum eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins ($p < 0,01$ fyrir *föst laun*; $p < 0,01$ fyrir *föst laun auk yfirvinnu*; $p < 0,01$ fyrir *heildargreiðslur*) (sjá mynd 3.8). *Föst laun* og *föst laun auk yfirvinnu* starfsmanna í orkuveri og stóriðju voru að meðaltali hærri en laun starfsmanna í þjónustu- og framleiðsluiðnaði. Starfsmenn orkuveitu og stóriðju voru einnig með hæstu *heildargreiðslurnar* og voru *heildargreiðslur* þeirra marktækt hærri en greiðslur til þeirra sem störfuðu við þjónustuiðnað, framleiðsluiðnað eða annað.



Mynd 3.8 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins*

*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum* 2) *föstum launum + yfirvinnu* 3) *heildargreiðslum*.


Mynd 3.9. sýnir laun greind eftir starfssviði. Einungis einn þeirra þátttakenda sem fékk greidd grunnlaun auk yfirvinnu starfaði við sölumennsku og ráðgjöf. Af þeim sökum birtir myndin ekki laun sölumanna og ráðgjafa. Munur var á *föstum launum*, *föstum launum auk yfirvinnu* og *heildargreiðslum* svarenda eftir því hvaða starfssviði þeir tilheyrðu ($p < 0,001$ fyrir *föst laun*; $p < 0,01$ fyrir *föst laun auk yfirvinnu*; $p < 0,01$ fyrir *heildargreiðslur*). *Föst laun* voru að meðaltali lægst hjá þeim sem störfuðu við smíðar og framleiðslu og voru *föst laun* þess hóps marktækt lægri en laun stjórnenda og þeirra sem störfuðu á öðru starfssviði. Einnig var munur á *föstum launum* þeirra sem störfuðu við viðhald, þjónustu og/eða eftirlit og þeirra sem störfuðu á öðru starfssviði. VM félagar á öðru starfssviði voru að meðaltali með 80 þúsund krónum hærri *föst laun* en starfsmenn í viðhaldi, þjónustu og/eða eftirliti. Starfsmenn í smíðum og framleiðslu voru einnig með lægstu *föstu launin auk yfirvinnu* að meðaltali. *Föst laun auk yfirvinnu* þeirra voru lægri en laun vélgæslumanna og þeirra sem störfuðu á öðru starfssviði. Svipað samband kom fram þegar skoðaðar voru *heildargreiðslur* til svarenda. Þar skáru laun starfsmanna í smíðum og framleiðslu sig frá launum vélgæslumanna og VM félaga á öðru starfssviði.



Mynd 3.9 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir starfssviði*


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum* 2) *föstum launum + yfirvinnu* 3) *heildargreiðslum*.

Ekki reyndist munur á launum þeirra sem höfðu mannaforráð og þeirra sem ekki höfðu mannaforráð (sjá mynd 3.10).




Mynd 3.10 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir mannaforráðum

Þátttakendur sem höfðu mannaforráð voru spurðir að því hve margir starfsmenn ynnu undir stjórn þeirra. Ekki reyndist munur á launum eftir fjölda undirmanna, enda var um mjög fámenna hópa að ræða (sjá mynd 3.11).



Mynd 3.11 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir fjölda undirmanna


Mynd 3.12 sýnir að munur var á launum félagsmanna eftir því við hvaða kjarasamning grunnréttindi þeirra miðuðust ($p < 0,01$ fyrir *föst laun*; $p < 0,01$ fyrir *föst laun auk yfirvinnu*; $p < 0,001$ fyrir *heildargreiðslur*). *Föst laun* þeirra sem voru á samningi við orku- eða stórfyrirtæki voru að meðaltali hærri en þeirra sem voru á samningi við sveitarfélög og þeirra sem voru á sérkjara- eða vinnustaðasamningi. Samanburður á *föstum launum auk yfirvinnu* hópanna leiddi í ljós að þeir sem voru á rammasamningi VM voru með hærri laun en þeir sem voru á samningi VM við SA og þeir sem voru á sérkjara- eða vinnustaðasamningi. Þá voru *heildargreiðslur* til þeirra sem voru á samningi við orku- eða stórfyrirtæki hærri en til þeirra sem voru á samningi VM við SA og þeirra sem voru á sérkjara eða vinnustaðasamningi. VM félagar á rammasamningi VM voru einnig með hærri *heildargreiðslur* en félagar á samningi VM við SA og félagar á sérkjara eða vinnustaðasamningi. Þess má geta að einungis fimm einstaklingar voru á samningi við sveitarfélög. Laun þeirra gefa því e.t.v. ekki rétta mynd af launum félagsmanna á slíkum samningi.



Mynd 3.12 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir kjarasamningi*

*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum* 2) *föstum launum + yfirvinnu* og 3) *heildargreiðslum*.

Mynd 3.13 sýnir að vaktavinnufólk var að meðaltali með hærri *föst laun*, *föst laun auk yfirvinnu* og *heildargreiðslur* en fólk sem vann dagvinnu ($p < 0,001$ fyrir *föst laun*; $p < 0,01$ fyrir *föst laun auk yfirvinnu*; $p < 0,001$ fyrir *heildargreiðslur*). Kannað var hvort launamunurinn lægi í því að vaktavinnufólk ynni að meðaltali fleiri klukkustundir á viku en dagvinnufólk. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á vinnustundum þessara hópa. Svarendur sem stunduðu vaktavinnu unnu að meðaltali 49,3 stundir á viku en meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá þeim sem stunduðu dagvinnu var 49,7 stundir. Í töflu 4.14 í kaflanum *Launatöflur* er að finna nánari sundurliðun á mismunandi launum og vinnutíma vakta- og dagvinnufólks.




Mynd 3.13 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd grunnlaun auk yfirvinnu greind eftir því hvort unnin er vaktavinna eða dagvinna*

*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) *föstum launum* 2) *föstum launum + yfirvinnu* og 3) *heildargreiðslum*.


Greining á launum þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun (pakkalaun)

Mynd 3.14 sýnir mánaðarlegar greiðslur til þeirra sem fengu greidd föst mánaðarleg heildarlaun eftir aldri. Ekki var marktækur munur á launum eftir aldri.




Mynd 3.14 *Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir aldri*

Mynd 3.15 sýnir meðallaun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Ekki reyndist tölfraðilega marktækur munur á launum eftir búsetu.



Mynd 3.15 *Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir búsetu*


Einungis einn þeirra sem var á föstum mánaðarlegum heildarlaunum hafði lokið fyrsta eða öðru stigi vélstjórnar, tveir höfðu lokið námi í rennismíði, tveir í stálskiptasmíði, stálmannvirkjagerð eða ketil- og lötusmíði og einn hafði lokið námi í málmsuðu. Vegna fámennis sýnir mynd 3.16 einungis laun vélfræðinga og vélvirkja. VM félagar á pakkalaunum sem lokið höfðu vélfræðingsnámi voru að meðaltali með hærri föst laun og heildargreiðslur en þeir sem lokið höfðu námi í vélvirkjun ($p < 0,05$ fyrir föst laun; $p < 0,05$ fyrir heildargreiðslur).



Mynd 3.16 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir því hvaða vélstjórnar- eða málmtækninámi er lokið*


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) föstum launum 2) heildargreiðslum.

Mynd 3.17 sýnir að ekki var munur á launum VM féлага á föstum mánaðarlegum heildarlaunum eftir því hvort þeir höfðu lokið öðru námi en í vélstjórn eða málmtækni. Vegna fámennis var ekki unnt að greina hvort munur væri á launum eftir því hvaða öðru námi væri lokið.



Mynd 3.17 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir því hvort öðru námi sé lokið


Mynd 3.18 sýnir að svarendur á föstum mánaðarlegum heildarlaunum sem störfuðu á almennum markaði voru að meðaltali með lægri föst laun og heildargreiðslur en þeir sem störfuðu innan opinbera geirans ($p < 0,05$ fyrir föst laun; $p < 0,05$ fyrir heildargreiðslur).



Mynd 3.18 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir starfsgeira*


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) föstum launum og 2) heildargreiðslum.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á meðallaunum þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins (sjá mynd 3.19).



Mynd 3.19 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir aðalstarfsemi fyrirtækisins


Mynd 3.20 sýnir laun VM félaga á föstum mánaðarlegum heildarlaunum greind eftir starfssviði. Munur var á föstum launum og heildargreiðslum VM félaga eftir því hvaða starfssviði þeir tilheyrðu ($p < 0,01$ fyrir föst laun; $p < 0,01$ fyrir heildargreiðslur). Föst laun og heildargreiðslur voru að meðaltali hæstar hjá vélgæslumönnum. Föst laun þessa hóps voru marktækt hærri en laun starfsmanna við smíðar og framleiðslu, starfsmanna í viðhaldi, þjónustu og eftirliti og þeirra sem störfuðu við sölumennsku og ráðgjöf.



Mynd 3.20 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir starfssviði*


*Tölfræðilega marktækur munur var á milli hópanna á 1) föstum launum 2) heildargreiðslum.

Ekki reyndist munur á launum þeirra sem höfðu mannaforráð og þeirra sem ekki höfðu mannaforráð (sjá mynd 3.21).




Mynd 3.21 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir mannaforráðum

Töluvert munaði á launum svarenda eftir því við hvaða kjarasamning grunnréttindi þeirra miðuðust (sjá mynd 3.22). Ekki reyndist þó tölfræðilega marktækur munur á meðallaunum hópa enda voru hóparnir mjög fámennir. Einungis sex einstaklingar voru á Samningi VM við SA og fjórir miðuðu grunnréttindi sín við Rammasamning VM.



Mynd 3.22 Mánaðarlaun þeirra sem fá greidd föst mánaðarleg heildarlaun greind eftir kjarasamningi

Mynd 3.23 sýnir að vaktavinnufólk var að meðaltali með hærri föst laun og heildargreiðslur en þeir sem unnu dagvinnu ($p < 0,01$ fyrir föst laun; $p < 0,05$ fyrir heildargreiðslur).



